
STARFSÁÆTLUN

TJARNARSELS



2016-2017

Leikskólinn Tjarnarsel
Tjarnargötu 19, 230 Reykjanesbæ
<http://www.tjarnarsel.is> Leikskólinn Tjarnarsel

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Menntastefna Reykjanesbæjar	3
Skólanámskrá Tjarnarsels	3
Þróun og nýbreytni	3
Grunnþættir menntunar.....	3
Heilbrigði og vellíðan.....	4
Mál og læsi.....	5
Lýðræði og jafnrétti.....	6
Sköpun og menning.....	7
Sjálfbærni og vísindi.....	7
Stærðfræði.....	9
Sérkennsla.....	9
Samstarf Tjarnarsels og Myllubakkaskóla.....	9
Uppeldi sem virkar-færni til framtíðar.....	10
Vinátta – forvarnarverkefni gegn einelti.....	10
Tjarnarsel 50 ára	11
Starfsmannasamtöl	11
Skipulagsdagar	11
Foreldrasamstarf	12
Innra mat.....	12
Samantekt.....	14
Lokaorð	16
Heimildir.....	17
Fylgiskjöl:	
Skóladagatal	
Tölfræðilegar upplýsingar	

Inngangur

Hér gefur að líta starfsáætlun Tjarnarsels fyrir starfsárið 2016-2017. Reynslumikill hópur starfsmanna mun leiða starfið af fagmennsku og krafti líkt og undanfarin ár. Í skólanum starfa ellefu leikskólakennarar, einn grunnskólakennari, þrjú leikskólaliðar, átta leiðbeinendur og tveir matráðar. Starfsáætlun er fyrst og fremst vinnuhefti fyrir starfsfólk en jafnframt kynning fyrir foreldra og fræðsluyfirvöld á skólastarfi komandi árs.

Þróun og nýbreytni er hluti af öfluggu og framsæknu skólastarfi og sem fyrr verður lögð rík áhersla á að efla og styrkja gott og faglegt starf sem unnið hefur verið í Tjarnarseli á síðustu árum. Verkefnin eru fjölbreytt og spennandi og taka mið af áherslupáttum skólans sem eru *mál og læsi* og *útinám og vettvangsferðir*. Grunnþættir menntunar svífa yfir vötnum og fléttast inn í allt starf með einum eða öðrum hætti. Í vetur verður lögð sérstök áhersla á grunnþáttinn *Heilbrigði og vellíðan* og hefst vetrarstarfið á þemaviku í september þar sem unnið verður með *hreyfingu, vináttu og tilfinningar, hvíld og slökun, skynjun og sköpun*. Þemavikan markar upphaf vetrarstarfsins.

Menntastefna Reykjanesbæjar

Út er komin Menntastefna Reykjanesbæjar sem gefur tóninn fyrir skólastarf næstu árin. Henni er ætlað að vera heildstæð áætlun um það hvernig nám á öllum skólastigum, leikur, listir og íþróttir fléttast saman og stuðlar sameiginlega að því að undirbúa unga fólkið okkar sem best undir það að vera virkir þátttakendur í samfélagi 21. aldarinnar (Menntastefna Reykjanesbæjar, 2016).

Í áherslum menntastefnunnar segir meðal annars að stuðla eigi að því að börn og ungmenni öðlist sterka sjálfsmynd og félagsfærni í uppbyggjandi skóla- og tómstundastarfi og að efla eigi vellíðan og sjálfstraust með lýðræði og jafnrétti að leiðarljósi. Viðfangsefnið eigi að vera fjölbreytt á hverju skólastigi til að mæta mismunandi þörfum nemenda, efla eigi faglega þekkingu í skólum og að ríkja beri traust og virðing á milli kennara, nemenda og foreldra (Menntastefna Reykjanesbæjar, 2016). Menntastefnan verður kynnt öllu starfsfólki skólans og foreldrar fá tilkynningu um útkomu hennar og verða hvattir til að kynna sér hana vel.

Skólanámskrá Tjarnarsels

Skólanámskrá Tjarnarsels kom út haustið 2014 og byggir á Aðalnámskrá leikskóla (2011). Samfara því voru gefin út sex þemahefti sem byggja á grunnþáttum menntunar og framtíðarsýnar Reykjanesbæjar í fræðslumálum frá árinu 2011. Heftin voru unnin í sex stýrihópum og komu allir þáverandi starfsmenn skólans að vinnunni. Heftin eru eftirfarandi; *Mál og læsi*, *Heilbrigði og vellíðan*, *Sjálfbærni og vísindi*, *Sköpun og menning*, *Lýðræði og jafnrétti* og *Stærðfræði* sem var hluti af framtíðarsýn Reykjanesbæjar í fræðslumálum frá 2011-2015.

Heftin innihalda safn af hugmyndum sem taka mið af þroska hvers aldurstigs fyrir sig með leiðbeiningum fyrir kennara. Góð reynsla er komin á að vinna samkvæmt námskránni og þemaheftunum og reyndust þau mjög vel við innleiðingarferli Aðalnámskrárinnar.

Á starfsárinu verður farið í endurskoðun á námskránni og þemaheftunum en mikilvægt er að námskrá sé lifandi plagg í stöðugri þróun. Ný menntastefna verður höfð til hliðsjónar við endurskoðunina. Stefnt er að nýrri útgáfu á námskránni á vorönn 2017.

Þróun og nýbreytni

Grunnþættir menntunar

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) segir að stefnt sé að almennri menntun í heildstæðu skólastarfi og námi á námssviðum, í námsgreinum og námsáföngum. Skilgreining á grunnþáttum er tilraun til að kortleggja þau meginsvið almennrar menntunar sem skólastarfið stefnir að.

Þemahefti Tjarnarsels byggja á grunnþáttunum eins og þau birtast í Aðalnámskrá og eru leiðarljós skólastarfsins. Þau skarast og fléttast saman við allt faglegt starf skólans, þróun og nýbreytni. Síðustu tvö ár fékk einn grunnþáttur aukið vægi í einn mánuð á ári og var sjónum beint að þáttum sem tengdust þeim þætti sérstaklega. Eins og fram hefur komið verður að þessu sinni lögð sérstök áhersla á grunnþáttinn *Heilbrigði og vellíðan* og unnið með hina grunnþættina samhliða. Í menntastefnu Reykjanesbæjar segir að stuðla beri að heilsueflandi starfsumhverfi þar sem kapp er lagt á fagmennsku og starfsgleði (Menntastefna Reykjanesbæjar, 2016).

Heilbrigði og vellíðan

Í endurmati frá liðnu starfsári kom fram mikill áhugi meðal leikskólakennara skólans að vinna enn frekar að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna og tengja það vettvangsnámi og útikennslu sem hefur verið í stöðugri þróun í Tjarnarseli í hart nær tvo áratugi. Verkefnið *Áskoranir og ævintýri* sem hófst haustið 2012 var vítamínsprauta inn í þá þróunarvinnu og hefur stuðlað að jákvæðum og uppbyggilegum skólabrag.

Mikilvægt er að efla og styrkja þessa þætti enn frekar. Markmið starfsársins er að flétta heilbrigði og vellíðan við verkefnið *Áskoranir og ævintýri*. Einnig að tengja það öðrum grunnþáttum menntunar með sýnilegum hætti.

Markmiðið er jafnframt að undirbúa og leggja grunn að því að Tjarnarsel taki þátt í verkefni Embættis landlæknis *Heilsueflandi leikskólar* frá og með haustinu 2017. Það hefur góðan samhljóm við samþykki Reykjanesbæjar frá því í september 2016 um að taka þátt í verkefni Embættis landlæknis, Heilsueflandi samfélag. Það miðar að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heildræna heilsueflingu allra aldurshópa. Í þeim tilgangi eru lagðir til grundvallar fjórir áhrifaþættir heilbrigðis sem unnið er með, þ.e. *næring, hreyfing, geðrækt og lífsgæði* (Reykjanesbær, 2016).

Sérstakar áherslur

- Við endurmat á þemaheftinu verður farið yfir öll helstu atriði sem þar koma fram, skerpt á helstu þáttum þess, nýjum bætt við og aðrir teknir út sem ekki eiga við lengur.
- Þemavika 12.-16. september: Yfirskriftin er *hreyfing, vinátta og tilfinningar, hvíld og slökun, skynjun og sköpun*. Unnið verður með þessa þætti úti, inni og í vettvangsferðum. Vikan endar á uppskeruhátíð á degi náttúrunnar þar sem börn og kennarar njóta haustuppskerunnar, taka upp kartöflur, smakka á fjölbreyttum kryddtegundum sem vaxa á útisvæðinu og ylja sér við heitt myntute.

- Vetrarstarfið mun litast að þeim þáttum sem lagt verður upp með í þemavikunni og verður unnið með þá áfram allt starfsárið.
- Á Ljósvöllum þar sem næst elstu börnin eru verður boðið upp á jóga einu sinni í viku undir handleiðslu leikskólakennara sem hefur lært að kenna barnajóga. Markmiðið er að byrja á einni deild og meta hvort boðið verður upp á jóga á fleiri deildum.
- Á skipulagsdögum vetrarins verður fræðsla til starfsmanna um þætti sem tengjast heilbrigði og vellíðan (sjá skipulagsdagar bls. 10).

Mál og læsi

Frá árinu 2003 hefur mál og læsi verið einn af aðaláherslupáttum skólastarfsins í Tjarnarseli og verður svo áfram. Bóklestur og Orðaspjallsaðferðin skipa þar stóran sess ásamt tíu vikna lestrar- og skriftarnámskeiði fyrir elstu börn skólans. Markviss og fagleg málörvun er mikilvægur liður í að efla mál og læsi og snemmtæk íhlutun þ.e. að skima eftir börnum með seinkaðan málþroska og veita þeim öflugna málörvun í kjölfarið, getur skipt sköpum fyrir velgengni í námi og samfélagi síðar meir.

Sérstakar áherslur

- Við endurmat á þemaheftinu verður farið yfir öll helstu atriði sem þar koma fram, skerpt á helstu þáttum þess, nýjum bætt við og aðrir teknir út sem ekki eiga við lengur.
- Orðaspjallið er í stöðugri þróun og verður áfram. Á síðasta ári kom *Bára hvalastelpan* inn sem öflugur liðsmaður Orðaspjallsins. Veturinn fór í að kynna möguleikum hvalsins í leikjum í kringum orðaforðakennslu með leikskólabörnum. Í vetur verður áhersla lögð á að skrá niður leiki tengda Orðaspjallinu og hvalnum Báru með það að markmiði að efla orðaforðakennsluna enn frekar í gegnum fjölbreytta leiki. Stefnt er á að skrifa viðbótarkafli við handbók sem leikskólinn gaf út vorið 2013 þar sem hvalurinn Bára kemur við sögu. Tekin verða fyrstu skrefin í þá átt á starfsárinu.
- Gefinn verður út stuttur kynningarbæklingur fyrir foreldra yngstu barnanna um Orðaspjallið og mikilvægi bóklesturs til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna.
- Tíu vikna Lestrar- og skriftarnámskeið verður á sínum stað fyrir elstu börn skólans, fimm vikur fyrir áramót og fimm vikur eftir áramót. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði Helgu Sigurjónsdóttur sem hefur verið löguð að hugmyndafræði Tjarnarsels á síðustu árum. Einnig er stuðst við skriftarbækur sem Gunnar Jónsson hefur samið og þróað. Námskeiðið byggist upp á leikjum og vettvangsferðum.

- Orðaspjallið fléttast inn í lestrar- og skriftarnámskeiðið. Börnin læra orð úr millilagi orðaforðans sem byrjar á þeim bókstaf sem verið er að leggja inn og leika með hverju sinni.
- Sú nýbreytni verður tekin upp að *Vináttuverkefni Barnaheilla* sem er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla verður hluti af lestrarnámskeiðinu með elstu börnunum.
- Stafir og bækur er svæði á eldri deildunum sem börnin geta valið sér á ákveðnum tímum. Þar er lesið og leikið með stafi og hljóð með ýmsum verkefnum og leikjum. Aukið verður við leikefni á svæðinu.

Tvítýngd börn

- Níu börn af erlendum uppruna eru í leikskólanum þar af njóta fjögur þeirra sérkennslu bæði vegna þroskaskerðingar og alvarlegrar málproskaröskunar. Þessi börn fá öll sérstaka málörvun þrisvar til fjórum sinnum í viku.
- Á starfsárinu verður skoðað með hvaða hætti önnur tvítýngd börn fái aukna málörvun og áætlun sett fram um hvernig komið skal til móts við þau. Í doktorsrannsókn dr. Sigríðar Ólafsdóttur (2015) sem rannsakað hefur orðaforða tvítýngdra barna sem hafa alist upp á Íslandi kom meðal annars í ljós að þau standa íslenskum jafnöldrum sínum langt að baki í skilningi á merkingu orða þegar líður á grunnskólagöngu þeirra (Sigríður Ólafsdóttir, 2015). Það er því brýnt að setja fram skýra og markvissa stefnu í þessum málaflokki og finna leiðir til að vera með sérstaka málörvunartíma eða íslenskukennslu fyrir tvítýngd börn.

Lýðræði og jafnrétti

Í þemahefti um lýðræði og jafnrétti segir að það sé einn af hornsteinum leikskólastarfsins í Tjarnarseli og leitast sé við að skipuleggja daginn með þeim hætti að börnin geti að mestu haft áhrif á hvar þau leika sér og við hvern. Kennari með lýðræði að leiðarljósi leggur þunga vigt á lærdómsferli kennslunnar en ekki afurð hennar eða útkomu.

Sérstakar áherslur

- Við endurmat á þemaheftinu verður farið yfir öll helstu atriði sem þar koma fram, skerpt á helstu þáttum þess, nýjum bætt við og aðrir teknir út sem ekki eiga við lengur.
- Í tengslum við gerð þemaheftis um *Lýðræði og jafnrétti* voru útbúin ýmis gögn eins og spil og þjóðfánar til að efla umræður og meðvitund barna og kennara um lýðræði og jafnrétti. Einnig voru barnabækur sem taka á þessum málum merktar sérstaklega í bókasafni skólans. Auka á notkun þessara gagna á öllum aldursstigum.

Sköpun og menning

Sköpun og menning fléttast með beinum og óbeinum hætti inn í allt starf skólans. Listakrókar eru staðsettir á öllum deildum með fjölbreyttum efniviði til listsköpunar. Einnig fer fram listsköpun í hópastarfi, á útisvæði, í vettvangsferðum o.s.frv.

Sérstakar áherslur

- Við endurmat á þemaheftinu verður farið yfir öll helstu atriði sem þar koma fram, skerpt á helstu þáttum þess, nýjum bætt við og aðrir teknir út sem ekki eiga við lengur.
- Tjarnarsel er með umsjón yfir sameiginlegri efnisveitu leikskólanna sem staðsett er í Rammahúsinu í nóvember. Þá fá kennarar tækifæri til að kynna sér möguleika hennar til náms og sköpunar.

Hefðir og hátíðir eru mikilvægir þættir í leikskólastarfinu. Á áætlun eru:

- Þemavika í september sem endar með uppskeruhátíð á Degi náttúrunnar 16. september.
- Heilsu- og forvarnavika Reykjanesbæjar 3.-9. október.
- Dagur Íslenskrar tungu 16. nóvember.
- Kirkjuferð, fjölskylduhátíð í Kirkjulundi og Litlu jólin í desember.
- Bóndadagur þar sem feðrum og öfum er boðið í morgunverð í janúar.
- Konudagur þar sem mæðrum og ömmum er boðið í morgunverð í febrúar.
- Bollu, sprengi og öskudagur í febrúar.
- Dagur bókarinnar í apríl.
- Ævintýraferðir og kveðjuhóf fyrir elstu börnin í maí.
- Sjálfboðaliðadagur á útisvæðinu í maí.
- 50 ára afmælishátíð á sumarmánuðum 2017.

Að auki eru ýmsir smærri viðburðir á dagskránni allt árið.

Sjálfbærni og vísindi

Í þemahefti um sjálfbærni og vísindi segir að útinám sé best til þess fallið að tryggja grunnmenntun til sjálfbærni. Námið þarf að vera áhugavekjandi, skemmtilegt og í tengslum við náttúru og umhverfi. Þema vetrarins tengist þessum þætti sterkum böndum þar sem markmiðið er að tengja heilbrigði og vellíðan inn í vettvangsnám og útikennslu eins og fram hefur komið. Þróunarverkefnið *Áskoranir og ævintýri skipar* þar einnig stóran sess.

Áskoranir og ævintýri

Til að nýta möguleika náttúrulegs útileiksvæðis leikskólans sem best til náms var farið af stað með þróunarverkefnið *Garðurinn okkar og hringrás náttúrunnar: Kennsla og nám á útileiksvæði leikskóla*. Verkefnið fékk styrk úr Sprotasjóði leik-, grunn- og framhaldsskóla árið 2014. Í október lýkur verkefninu formlega með útgáfu handbókar um verkefnið sem Inga María Ingvarsdóttir fyrrverandi leikskólastjóri hefur skrifað í samvinnu við Sarka Mrnkova uppeldisfræðing. Markmiðið var að þróa náms- og kennsluhætti sem tefla saman sköpun, sjálfbærni, vísindum og heilbrigði.

Verkefninu er þó hvergi nærri lokið, það skipar mikilvægan sess í faglegu starfi skólans og tengist inn í alla grunnþætti menntunar með einum eða öðrum hætti.

Sérstakar áherslur

- Við endurmat á þemaheftinu verður farið yfir öll helstu atriði sem þar koma fram, skerpt á helstu þáttum þess, nýjum bætt við og aðrir teknir út sem ekki eiga við lengur.
- Handbókin *Garðurinn okkar* verður kynnt formlega á skipulagsdegi fyrir starfsfólki í nóvember 2016.
- Handbókin verður kynnt í leik- og grunnskólum bæjarfélagsins og víðar þar sem tækifæri gefst til. Skoðað verður hvort heftið verði gefið út með enskum texta sem gefur tækifæri til að kynna þróunarverkefnið á erlendri grundu. Leita þyrfti styrkja til að það yrði framkvæmanlegt.
- Vorið 2017 er stefnt á að fara í námsferð til Tékklands eða Þýskalands þar sem Sarka Mrnkova sem var annar tveggja verkefnastjóra *Áskorana og ævintýra* mun taka á móti okkur. Hún hefur stýrt þemavikum á útisvæði skólans tvisvar sinnum. Sarka er uppeldisfræðingur að mennt og hefur yfirgripsmikla þekkingu á útinámi og kennslu. Undir hennar leiðsögn munum við skoða spennandi og framsækna skóla í þessum fræðum með það að markmiði að efla og styrkja útinám og kennslu enn frekar í Tjarnarseli.
- Árlegur sjálfbóðaliðadagur á útisvæðinu verður haldinn í maí þar sem leitað verður, sem fyrr, eftir ómetanlegu vinnuframlagi, foreldra, barna, starfsfólks og annarra velunnara skólans. Einnig verður leitað eftir samvinnu við Þjónustumiðstöð bæjarins sem hefur verið skólanum innan handar fyrir sjálfbóðaliðadaginn frá upphafi verkefnisins.
- Tjarnarsel hefur flaggað Grænfánum fjórum sinnum, síðast árið 2014. Grænfáninn er alþjóðleg viðurkenning sem Landvernd veitir skólum fyrir umhverfismennt. Til að flagga fánanum þarf leikskólinn að setja sér ný markmið á tveggja ára fresti. Í þessum áfanga verður skoðað með hvaða hætti verkefnið *Garðurinn okkar: hringrás náttúrunnar* getur tengst grænfánaverkefninu.

Stærðfræði

Í tengslum við innleiðingu Aðalnámskrár og framtíðarsýnar Reykjanesbæjar í fræðslumálum frá 2011-2015 var stærðfræði tekin sérstaklega fyrir og eitt þemahefti helgað henni. Þar segir að kennarinn þurfi að finna leiðir til að samtvinna stærðfræðina öðrum námsþáttum.

Sérstakar áherslur

- Við endurmat á þemaheftinu verður farið yfir öll helstu atriði sem þar koma fram, skerpt á helstu þáttum þess, nýjum bætt við og aðrir teknir út sem ekki eiga við lengur.
- Í tengslum við endurskoðun á þemaheftinu verður stærðfræðilegur efniviður skoðaður og metinn í stærðfræðikrókum sem staðsettir eru á þremur elstu deildunum. Einnig verður metið hvernig unnið er með stærðfræði í hópastarfi, samverustundum, á útisvæði o.s.frv.

Sérkennsla

Níu börn njóta sérkennslu á starfsárinu. Öll börnin fá einstaklingsþjálfun við hæfi og einnig er unnið með þau í litlum hópum. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar.

Samstarf Tjarnarsels og Myllubakkaskóla

Heimaskóli Tjarnarsels og Vesturbergs er Myllubakkaskóli. Samstarf er á milli þessara þriggja skóla og vinna þeir saman að gerð áætlunar fyrir veturinn.

- Mánudagur 19. september: Grunnskólakennari heimsækir leikskólann.
- Fimmtudagur 6. október: Tjarnarsel skoðar Myllubakkaskóla kl. 10:00.
- Þriðjudagur 1. nóvember: 1. RF heimsækir Tjarnarsel kl. 8.20 og borðar morgunmat í leikskólanum.
- Fimmtudagur 17. nóvember: 7. ÍH, les fyrir nemendur á Tjarnarseli kl. 10:00.
- Föstudagur 25. nóvember: Leikskólabörn og 1. bekkur hittast í Myllubakkaskóla í tilefni af Degi íslenskrar tungu kl. 10:00. Allir koma með atriði.
- Föstudagur 9. desember: Hittast við jólatréð kl. 10:00, dansa, syngja og fá sér kakó og piparkökur.
- Mánudagur 9. janúar: Tjarnarsel (hálfur hópur) heimsækir 1. RF kl. 9:50.
- Mánudagur 16. janúar: Tjarnarsel (hálfur hópur) heimsækir 1. RF kl. 9:50.
- Miðvikudagur 8. febrúar: Tjarnarsel (hálfur hópur) fer í íþróttir með 1. RF kl. 12:30.
- Miðvikudagur 15. febrúar: Tjarnarsel (hálfur hópur) fer í íþróttir með 1. RF kl. 12:30.

- Miðvikudagur 22. mars: Tjarnarsel heimsækir bókasafnið og tölvustofuna í Myllubakkaskóla kl. 10:00 og 10:30.
- Fimmtudagur 6. apríl: 7. ÍH, les fyrir nemendur á Tjarnarseli kl. 10:00.
- Föstudagur 7. apríl: Tjarnarsel fer í forskóla kl. 10.00.
- Maí: Tjarnarsel býður í vettvangsferð. Tjarnarseli boðið í matsal Myllubakkaskóla kl. 11:00. Uppskeruhátíð allra leik-og grunnskóla.

Uppeldi sem virkar-færni til framtíðar

Foreldranámskeiðið, *Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar*, er hugsað fyrir foreldra barna á aldrinum 0-6 ára, með áherslu á að kenna barninu færni sem líklegt er að nýtist því til frambúðar. Kenndar eru aðferðir til að styrkja hæfni foreldra í að laða fram æskilega hegðun og fyrirbyggja erfiðleika. Haustið 2016 verður foreldrum barna fædd 2014 sem eru að byrja í leikskóla boðið að sækja slíkt námskeið á vegum Fræðsluviðs Reykjanesbæjar sem niðurgreiðir námskeiðsgjaldið. Í menntastefnu Reykjanesbæjar segir að uppeldisnámskeið eigi að vera hluti af aðlögun leikskólubarna (Menntastefna Reykjanesbæjar, 2016).

Á námskeiðinu verður farið yfir hvernig er hægt er að koma í veg fyrir hegðunarerfiðleika og hjálpa börnum að þróa með sér öryggi, sjálfstæði og jákvæðni. Einnig hvernig foreldrar geta aukið eigin styrkleika og færni í foreldrahlutverkinu og tekist á við venjuleg vandamál í upveldinu.

Stjórnendur í leikskólum bæjarins munu sjá um að halda námskeiðin en þeir sátu leiðbeinendanámskeið síðasta vor. Þeir munu einnig sjá um námskeiðin fyrir starfsmenn sinna skóla.

Vinátta – forvarnarverkefni gegn einelti

Vinátta er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla á vegum Barnaheilla – Save the children á Íslandi. Verkefnið var þróað og mótað af Mary Fonden og Red Barnet – Save the Children í Danmörku. Í handbók sem fylgir verkefninu segir að vinna þurfi markvisst að því að byggja upp góð samskipti og góðan skólabrag í leikskólum og koma í veg fyrir einelti. Greining á verkefninu í Danmörku sýndi að börnin urðu umhyggjusamari og hjálpfúsari þegar lögð er áhersla á jákvæð samskipti og styrkleika barna (*Vinátta*–fróðleikur og leiðbeiningar um notkun fyrir starfsfólk leikskóla, 2015).

Á starfsárinu verður verkefnið lagt inn með elstu börnum leikskólans í tilraunaskyni og kennarar annarra deilda munu kynna sér það. Í framhaldi verður tekin ákvörðun um hvort það verður lagt inn á öðrum deildum.

Tjarnarsel 50 ára

Í ágúst 2017 fagnar Tjarnarsel 50 ára afmæli. Undirbúningur að afmælishátíð er hafinn. stefnt er á að setja upp litla sýningu í skólanum í tengslum við afmælið og er verið að safna saman munum og ljósmyndum sem sýna sögu skólans síðustu fimmtíu ár.

- Haldin verður afmælishátíð fyrir börn, starfsfólk og gesti þeirra á sumarmánuðum.
- Í tengslum við afmælið verður *opinn dagur* í september 2017 þar sem kennarar skólans bjóða upp á málstofur um *Lýðræði og jafnrétti, útinám og vettvangsferðir og Orðaspjall*. Hægt verður að skoða útisvæði skólans og kynnast möguleikum þess. Opni dagurinn ræðst af því hvort leikskólanum tekst að fá styrki til að fjármagna undirbúninginn.

Starfsmannasamtöl

Myndaður verður stýrihópur meðal deildarstjóra og stjórnenda skólans um endurskoðun á starfsmannasamtölum og fyrirkomulagi þeirra þar sem hver starfsmaður fer í samtal við sinn næsta yfirmann. Áætlað er að samtölin fari fram í mars 2017.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru sex dagar á árinu (sjá meðfylgjandi skóladagatal). Á skipulagsdögum verður starfið skipulagt og endurmetið og haldnir deildarfundir. Farið verður yfir áhersluþætti skólans og boðið upp á fræðslu sem tengjast þeim.

Sérstakar áherslur

- Á fyrsta skipulagsdegi starfsársins verður boðið upp á stutt námskeið um jógateygjur og slökun. Á skipulagsdegi í október verður Geir Gunnar Markússon matvæla- og næringarfræðingur með fyrirlestur um heilbriggt mataræði án öfga. Ekki er búið að festa niður frekari fræðslu varðandi heilbrigði og vellíðan.
- Sjötta deginum var bætt við fyrir þetta starfsár til að leggja inn námskeiðið *Uppeldi til ábyrgðar – færni til framtíðar* fyrir alla starfsmenn skólans. Námskeiðinu verður dreift á skipulagsdagana þ.e. ákveðinn tími helgaður því hverju sinni.

Foreldrasamstarf

Ávallt er lögð áhersla á gott foreldrasamstarf með margvíslegum uppákomum og þátttöku foreldra í starfinu, hefðum og hátíðum. Dagleg samskipti eru þar mikilvægust, að traust og virðing ríki á milli foreldra og starfsmanna dag hvern. Mikið er lagt upp úr skilvirku upplýsingaflæði og þar ber hæst Fésbókar síða skólans sem er í stöðugri þróun. Á starfsárinu verður skoðar einnig hvort hægt er að tengja foreldra enn frekar inn í starfið, til dæmis mætti setja upp hugmyndabanka þar sem foreldrar kæmu hugmyndum sínum á framfæri.

Sérstakar áherslur

- Hver árgangur á sinn Fésbókarhóp þar sem eingöngu foreldrar og starfsmenn hvernar deildar hafa aðgang að. Hópsíðan er notuð til að koma á framfæri fréttum af skólastarfinu og ýmsum gagnlegum upplýsingum. Síðurnar hafa reynst mjög vel og eru samskiptin þar gagnvirk og góð. Áfram verður unnið að þróun árgangasíðnanna.
- Á opinni Fésbókarsíðu leikskólans eru settar inn almennar fréttir af starfinu til kynninga og fróðleiks. Haldið verður áfram að þróa síðuna á starfsárinu.
- Vefsíða leikskólans verður áfram í þróun til að koma upplýsingum á framfæri.
- Karellen er nýtt rekstrarkerfi fyrir leikskóla sem verið er að taka í notkun á vegum bæjarins og gefur einnig möguleika á að efla rafrænt upplýsingaflæði til foreldra. Unnið verður að innleiðingu kerfisins þegar það verður tilbúið hjá rekstraraðilum þess.
- Foreldrasamtöl verða í október fyrir þrjár elstu deildirnar og í janúar fyrir foreldra barna á yngstu deildinni. Foreldrar geta alltaf beðið um samtöl á öðrum tímum.
- Settur verður upp sjónvarpsskjár í fataklefa tveggja elstu deildanna í tilraunaskyni. Markmið með skjánum er að auka upplýsingaflæði með því að birta ljósmyndir úr starfinu og koma ýmsum upplýsingum á framfæri.
- Kynningarfundur verður fyrir foreldra elstu barnanna í október 2016.
- Kynningarfundur verður fyrir foreldrar nýrra barna í maí 2017.
- Sjálfboðaliðadagur verður í maí þar sem börn, fjölskyldur þeirra, starfsmenn og aðrir velunnarar skólans vinna saman að því að bæta og fegra garðinn okkar.

Innra mat

Mat á starfinu fer fram með margvíslegum hætti til að fá sem víðtækust viðhorf og skoðanir og tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Til grundvallar innra mati liggur

Aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá Tjarnarsels, þemahefti Tjarnarsels um grunnþætti menntunar og starfsáætlun 2016-2017.

- Rafrænt mat (Survey online) er notað til að gera stuttar kannanir og meta afmarkaða þætti starfsins, til dæmis um hvernig til tókst í þemaviku, endurmat á námskrá, fræðsla á skipulagsdegi o.s.frv.
- Formleg foreldrasamtöl fara fram einu sinni á ári og á öðrum tíma eftir þörfum. Þar er leitað eftir viðhorfum og mati foreldra á starfinu ásamt upplýsingum frá kennurum
- Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári þar sem leitað er eftir viðhorfum og mati starfsfólks á starfinu og rætt um starfsþróun hvers og eins.
- Endurmat á skipulagsdögum og á deildarfundum fer fram í hópumræðum þar sem skriflegum niðurstöðum er skilað.
- Símat fer fram á vikulegum deildarstjórafundum.
- Símat fer fram hjá kennurum sem sjá um sérkennslu.

Samantekt

Samantekt yfir helstu verkefni, markmið þeirra og hvaða kennarar hafa yfirumsjón og bera ábyrgð á verkefnum.

Þróun og nýbreytni	Markmið	Umsjón og ábyrgð
Menntastefna Reykjanesbæjar.	Að allt starfsfólk skólans þekki Menntastefnu Reykjanesbæjar.	Árdís og Ragnhildur.
Endurmat á skólanámskrá Tjarnarsels frá árinu 2014.	Að allt starfsfólk skólans þekki skólanámskrána. Að námskráin endurspegli skólastarfið.	Stjórnendur og deildarstjórar.
Heilbrigði og vellíðan		
Endurmat á þemahefti.	Að skerpa á áherslupáttum. Að bæta við og taka út það sem ekki á við.	Margrét og Áslaug.
Þemavika í september.	Að efla sköpun, skynjun, vellíðan og hreyfifærni.	Áslaug, Margrét, Inga Sif og Guðrún.
Fræðsla á skipulagsdögum.	Að styrkja og efla þekkingu um heilbrigði og vellíðan.	Árdís og Ragnhildur.
Jóga fyrir 4-5 ára börn.	Að efla hreyfifærni og vellíðan.	Ingunn.
Endurmat á matseðlum með tilliti til heilbrigðs mataræðis.	Að bjóða upp á hollan og næringarríkan mat.	Ásta og Linda.
Mál og læsi		
Endurmat á þemahefti.	Að skerpa á áherslupáttum. Að bæta við og taka út það sem ekki á við.	Jóhanna og Ingunn.
Málörvun fyrir tvítýngd börn.	Að efla orðaforða og málskilning tvítýngdra barna.	Theódóra og Árdís.
Orðaspjall.	Að efla orðaforða og hlustunarskilning barnanna.	Árdís og Inga Sif.
Kynningarbæklingur um Orðaspjall.	Að kynna Orðaspjallið og markmið þess.	Árdís.
Skráningar á leikjum í kringum Báru hvalastelpu.	Að efla orðaforða og hlustunarskilning með leikjum.	Árdís.
Lestrar- og skriftarnámskeið.	Að vekja áhuga barnanna á les- og ritmáli.	Ragnhildur og Margrét.
Lýðræði og Jafnrétti		
Endurmat á þemahefti.	Að skerpa á áherslupáttum. Að bæta við og taka út það sem ekki á við.	Inga Sif og Ólafía.
Sköpun og menning		
Endurmat á þemahefti.	Að skerpa á áherslupáttum. Að bæta við og taka út það sem ekki á við.	Fanney, Jóhanna og Áslaug.
Sjálfbærni og vísindi		
Endurmat á þemahefti.	Að skerpa á áherslupáttum. Að bæta við og taka út það sem ekki á við.	Margrét og Fanney.

Stærðfræði		
Endurmat á þemahefti.	Að skerpa á áhersluþáttum. Að bæta við og taka út það sem ekki á við.	Theodóra og Ólafía.
Samstarf við Myllubakkaskóla.	Að styrkja samstarf skólastiganna. Að börnin kynnist starfi og umhverfi grunnskólans.	Margrét.
Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar.	Að starfsfólk fræðist um og læri að vinna með aðferðina.	Ragnhildur.
Vinátta - gegn einelti.	Að vinna gegn einelti og efla vináttu og samkennd.	Ragnhildur.
Grænfáninn.	Að efla umhverfismennt, sjálfbærni og umhverfisvitund.	Margrét, Fanney og Áslaug.
Námsferð vorið 2017.	Að efla og styrkja útinám og kennslu.	Stjórnendur og deildastjórar.
Stýrihópur um starfsmannasamtöl.	Að móta stefnu og setja fram markmið með samtölunum. Að skipuleggja fyrirkomulag samtalanna.	Theodóra.
Foreldrasamstarf		
Fésbókarsíða leikskólans.	Að þróa síðuna áfram til að efla foreldrasamstarf.	Inga Sif.
Árgangasíður á Fésbókinni.	Að þróa síðurnar áfram til að efla foreldrasamstarf	Deildastjórar.
Vefsíða leikskólans.	Að kynna starfsemi leikskólans og koma upplýsingum á framfæri.	Árdís, Ragnhildur og Jóhanna.
Karellen.	Að auka upplýsingaflæði til foreldra.	Stjórnendur og deildastjórar.
Sjónvarpsskjár í fataklefa á eldri deildum.	Að auka upplýsingaflæði og kynna starfið.	Árdís og Theodóra.
Sjálfbóðaliðadagur á útisvæði.	Að fegra og bæta útisvæðið.	Stjórnendur og deildastjórar.
Sérkennsla.	Að öll börn fái kennslu við hæfi.	Theodóra.
Innra mat.	Að tryggja að réttindi barnanna séu virt og þau fái þjónustu við hæfi.	Árdís og Ragnhildur.
Tjarnarsel 50 ára.	Að fagna sögu og skólastarfi í Tjarnarseli síðustu 50 ár. Að kynna áhersluþætti skólastarfsins.	Stjórnendur og deildarstjórar.

Lokaorð

Það er spennandi starfsár framundan í Tjarnarseli þar sem heilbrigði og vellíðan mun svífa yfir vötnum. Lagt er upp með fræðslu til starfsmanna um mikilvægi hreyfingar, sjálfsræktar og heilbrigðs mataræðis fyrir líkama og sál. Á þann hátt tókum við fyrstu skrefin í þá átt að verða heilsueflandi leikskóli sem tekur á þáttum sem Embætti landlæknis leggur upp með þ.e. *næring, hreyfing, geðrækt og lífsgæði*. Mikill áhugi er á verkefninu meðal starfsmanna sem mun án vafa skila sér til barnanna, efla og styrkja skólafélag og vonandi auka starfsánægju og vellíðan okkar allra.

Starfsmanna- og barnahópur er eins og keðja þar sem hver einasti hlekkur er veigamikill, því engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Allir þurfa að finna til sín og átta sig á mikilvægi sínu fyrir heildina. Ef við hjálpumst að og vinnum saman eru okkur allir vegir færir. Með þau einkunnarorð að leiðarljósi horfum við björtum augum til starfsársins í Tjarnarseli.

Árdís Hrönn Jónsdóttir leikskólastjóri

Ragnhildur Sigurðardóttir aðstoðarleikskólastjóri

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Christophersen, E. og Mortweet, S. (2008). *Uppeldisbókin, að byggja upp færni til framtíðar*.

Reykjavík: Skrudda.

Menntastefna Reykjanesbæjar. Sótt 12. september 2016 af

<http://www.reykjanesbaer.is/files/pdf/rnb-menntastefna-2016-v11.pdf>

Rasmussen, D., Bögeskov, S. og Mygind, C. (2015). *Vinátta – fróðleikur og leiðbeiningar um notkun fyrir starfsfólk leikskóla*. Reykjavík: Barnaheill – Save the Children á Íslandi.

Reykjanesbær. Sótt 8. september 2016 af <http://www.reykjanesbaer.is/upplýsingatorg/frettir-og-tilkynningar/reykjanesbaer-verdi-heilsueflandi-samfelag/20338/>

Skólanámskrá Tjarnarsels. (2014). Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel.

Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2016).

Orðaforði og lesskilningur hjá börnum með íslensku sem annað mál: Áhrif aldurs við komuna til Íslands. Netla: Veftímarit um uppeldi og menntun.

Þemahefti Tjarnarsels um grunnþætti menntunar. (2014). Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel.